

Nd.

**524. Breytingartillögur**

[47. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 112 30. sept. 1947, um loðdýrarækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

- I. Á eftir 5. gr. komi 7 nýjar greinar (og breytist greinatalan samkvæmt því):
  1. Sérstakar ráðstafanir skulu gerðar til eyðingar villiminkum.
  2. Skylt er hreppsnefndum á þeim svæðum, þar sem vart hefur orðið villiminka, að gera skýrslur um útbreiðslu þeirra og dvalarstaði, eftir því sem unnt er. Sama skylda til skýrslugerðar hvílir á bæjarstjórnnum. Skýrslur þessar skulu sendar hlutaðeigandi sýslumanni, bæjarfógeta og í Reykjavík lögreglustjóra.
  3. Sýslumaður, bæjarfógeti og í Reykjavík lögreglustjóri ákveða, hver í sínu lögsagnarumdæmi, að gerðar séu a. m. k. tvisvar á ári sérstakar ráðstafanir til eyðingar villiminkum á þeim svæðum, þar sem villiminka hefur orðið vart.

Sýslumaður, bæjarfógeti eða lögreglustjóri ákveða hverju sinni, hvenær slíkar ráðstafanir fara fram.

Hreppsnefndir eða bæjarstjórnir sjá um framkvæmd eyðingarráðstafana, eftir fyrirlagi sýslumanns, lögreglustjóra eða bæjarfógeta.

Nú verður vart villiminka eftir að eyðingarráðstafanir hafa verið gerðar, og er hreppsnefnd eða bæjarstjórn þá skylt að sjá um, að þeir menn, er til þess hafa verið ráðnir, vinni að eyðingu dýranna.
  4. Nú vinna menn villiminka án þess að þeir hafi verið ráðnir til þess, og skulu þeir þá fá verðlaun, allt að 60 kr. fyrir hvert dýr, sem unnið er, og hefur oddviti eða bæjarstjóri og í Reykjavík bæjargjaldkeri á hendi greiðslu verðlaunanna.
  5. Skylt er mönnum að hlíta fyrirmælum hreppsnefndar eða bæjarstjórnar um eyðingu villiminka, enda fái þeir greiðslu fyrir starfa sinn samkvæmt ákvæðum reglugerðar, er landbúnaðarráðuneytið setur.
  6. Heimilt er þeim mönnum, er vinna að eyðingu villiminka, að ráðstafa að eigin vild þeim gjaldeyri, er fæst fyrir skinn þeirra dýra, er þeir vinna.
  7. Kostnað þann, er leiðir af eyðingu villiminka, skulu bæjarstjórnir og hreppsnefndir fá endurgreiddan að hálfu úr ríkissjóði.
- II. Í stað 9. gr. komi ný grein, er orðast svo:

Með lögum þessum eru úr gildi felld ákvæði III. kafla laga nr. 56 25. maí 1949, svo og önnur lagaákvæði, er fara í bága við lög þessi.